

Valgreinar í 6. bekk 2025-2026

Áfangarnir eru 3 kennslustundir (5 einingar) á viku nema að annað sé tekið fram.

Gerð er krafa um 85% mætingu að lágmarki nema að annað sé tekið fram. Ef nemandinn uppfyllir ekki mætingarskyldu um jól hefur hann sagt sig úr áfanganum.

Danska - Menningar og Kaupmannahafnaráfangi (tveir tímar á viku og ferð)

Undanfari: Stúdentspróf í dönsku.

Að loknum valáfanga hefur nemandi með stúdentspróf í dönsku frá málabraut MR hlotið samtals 15 (f) einingar og af náttúrufræðibraut MR samtals 10 (f) einingar.

Námskeiðið er ætlað þeim nemendum sem hafa áhuga á að bæta þekkingu, leikni og hæfni á dönsku talmáli, danskri menningu og gildum ásamt orðaforða, ritun og skilningi. **Námskeiðið er sérstaklega ætlað þeim sem hafa áhuga á frekari námi í Danmörku (og öðrum norðurlöndum) að loknu stúdentsprófi en að auki þeim, sem vilja bæta dönskukunnáttu sína almennt.**

Áfanga lýkur með menningarferð til Kaupmannahafnar á vorönn (ekki skylda). Þeir nemendur sem ekki velja menningarferðina skila ritgerð um efni sem kennarar gefa síðar upp. Áfanginn er að mestu leyti staðnám

Námsefni

- valdar danskar kvikmyndir
- danskir sjónvarpsþættir
- danskar fréttir og fréttatengdir þættir
- þættir og ljósrit um sögu Danmerkur
- Íslendingaslóðir í Kaupmannahöfn

Markmið áfangans

Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla fyrir hæfniprep 2. (B2 í viðmiðum Evrópsku tungumálamöppunnar)

Nemandi skal ma. hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grundvallaruppbyggingu danska þjóðfélagsins
- viðhorfum og gildum í Danmörku og hvernig þau móta samfélagið
- orðaforða, orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða

Kennarar: Guðrún Kristín Þórisdóttir og Hrefna Marín Sigurðardóttir

Erfðafræði og líftækni – fyrir áhugasama nemendur á náttúrufræðibraut

Kennslubók: Inquiry into Life eftir Silvia S. Mader og Michael Windelspecht, 17. útgáfa 2023.

Auk þess er gagnlegt að eiga og nota bókina Erfðir og líftækni eftir Mörtu Konráðsdóttur o.fl. útg.2004.

Kennsluhættir: Fjarnám og vendikennsla.

Vikulega birtast leiðbeiningar á Innu um lesefni.

Kennari setur fyrirlestra og glærur til stuðnings lestrinum á Innu.

Nemendur skila vikulega rafrænum verkefnum á Innu **eftir að hafa horft á fyrirlestra og lesið efni í námsbókinni.**

Vikulegir umræðutímar verða á Teams þar sem nemendur geta fengið aðstoð við verkefnavinnu og útskýringar á námsefni.

Til greina kemur að fara í 3-4 daga námsferð til Danmerkur. Tímasetning er háð samkomulagi við móttökuaðila. Ef til þess kæmi, gætu nemendur átt von á að þurfa að taka þátt í ferða- og gistikostnaði að hámarki 50 þús. kr. Hámarksfjöldi í námsferð eru 18 nemendur. Ef fleiri sækja um þátttöku í ferð verður valið á grundvelli námsástundunar.

Einingar og vinnutími

Námskeiðið er 5 einingar og er kennt á haustmisseri 2025 auk þess gefst nemendum tími til að halda nemendakynningar og vinna lífupplýsingafræðiverkefni í janúar 2026. Gert er ráð fyrir vinnu nemenda sem svarar 20 klst./einingu = 100 klst.

Vinnutími skiptist u.þ.b. á eftirfarandi hátt:

Fyrirlestrar, umræðutímar og lestur námsbókar = 30 klst.

Verkefnavinna = 18 klst.

Undirbúningur nemendakynningar 12 klst.

Námsferð, undirbúningur og úrvinnsla námsferðar **eða** lokaritgerð = 40 klst.

Námsmat

Vikuleg rafræn heimaverkefni 20%

Undirbúningur námsferðar og frammistaða/virkni í námsferð eða lokaritgerð 20%

Kaflapróf úr námsþáttum I-IV 40%

Þátttaka í umræðutímum 10 %

Nemendafyrirlestur 10%

Lágmarkseinkunn í verkefnum og kaflaprófum er 7. Nemendum gefast tækifæri til að endurtaka kaflapróf og verkefni ef einkunn er undir lágmarki.

Franska – París, menning, saga og daglegt líf (tveir tímar á viku og ferð)

Námskeiðið er ætlað nemendum á náttúrufræðibraut sem lokið hafa tveimur árum í frönsku.

Markmið áfangans er að auka færni nemenda í að nota tungumálið við mismunandi aðstæður í daglegu lífi í frönskumælandi umhverfi, bæði skriflega og munnlega, þjálfá þá í skilningi á töluðu og skrifuðu efni og kynna París, sögu borgarinnar og ýmsar hliðar menningar Frakklands. Í þessum áfanga er lögð áhersla á fjölbreytni í efnisvali og ætlast er til að nemendur sýni meira sjálfstæði en fyrr í að afla sér upplýsinga og nýta sér hina ýmsu miðla.

Aðal viðfangsefni áfangans er París. Mun námsefnið á árinu tengjast borginni, sögu hennar, menningu, listum og daglegu lífi í frönskumælandi landi. Nemendur munu vinna með ýmsskonar efni tengt borginni, lesa mismunandi texta, horfa á stuttmyndir og kvikmyndir, vinna með lagatexta og æfa samskipti. Til að þjálfá þessi atriði munu nemendur vinna margsskonar samtalsverkefni, stutt myndbönd, halda kynningar um ýmislegt sem tengist borginni, sem og önnur verkefni.

ATH! Námskeiðið er ferðaáfangi. Það er skylduþátttaka í ferðina og telst hún sem ein eining. Ekki er boðið upp á verkefni í stað ferðar. Athugið að greiða þarf u.þ.b. 50.000 kr. staðfestingargjald 15. september. Sem

viðmið má geta þess að ferðin í ár kostaði um 135.000 kr.

Þeir nemendur sem stunda keppnisþróttir, tónlistar-eða dansnám eða aðra svipaða afþreyingu utan skólans þurfa að geta þess að gera ráðstafanir til að forðast árekstur viðburða við dagsetningar ferðarinnar til Parísar.

Námskeiðið verður blanda af staðnámi og fjarnámi.

Námsmatið er símat sem byggir á skilaverkefnum, frammistöðu nemenda í staðtímum, hóp- og einstaklingsverkefnum, fyrir, í og eftir ferð og stóru lokaverkefni. Öll verkefni gilda til lokaeinkunnar. Einnig er farið fram á fulla mætingu í staðtíma og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn.

Á vormisseri munu nemendur og kennarar fara í nokkurra daga ferð til Parísar. Þar verður farið í skoðunarferðir, nemendur kynnast lífinu í borginni, samgöngukerfinu og afla sér efnis sem nýtt verður í lokaverkefni áfangans.

Kennarar: Florent Gast og Rósa Elín Davíðsdóttir

Fyrirtækjasmiðjan

Helstu þættir námskeiðsins eru eftirfarandi:

Haustmisseri

1. Bókfærsla/reikningshald. Valin verkefni um rekstur og reikningshald yfirfarin. Færð dagbók og uppgjör fyrirtækja með mismunandi rekstrarformi í tölvuveri. Verkefnin er unnin í Excel.
2. Fjármál einstaklinga. Hugtök og reikniformúlur sem eru mikilvæg til að geta tekið upplýstar fjárhagslegar ákvarðanir. Upplýsingar um neytendalán og atriði sem gott er að þekkja áður en fólk tekur lán
3. Rekstrarhagfræði. Farið verður yfir helstu viðfangsefni rekstrarhagfræðinnar.

Vormisseri

Unnið er að rekstri fyrirtækisins alla vorönnina. Við rekstur fyrirtækjanna nota nemendur þá þekkingu sem þeir hafa hlotið á haustmisseri, t.d. bókfærslu, fjármálum og rekstrarhagfræði.

Á haustmisseri verður kynnt undirstöðuatriði í fjármálum einstaklinga, bókhalds og rekstrarhagfræði. Á vormisseri felst áfanginn í því að nemendur mynda hópa og stofna sitt eigið fyrirtæki og reka. Vinna nemenda felst í því að halda utan um allt sem viðkemur fyrirtækinu. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda og ábyrgð þeirra á eigin námi.

Námsmat

Um er að ræða símat byggt á frammistöðu nemenda í verkefnum, þátttöku í tímum, þátttaka í umræðum og gestaheimsóknum og ástundun nemenda.

Kennari: Ingvar Freyr Ingvarsson

The Graphic Novel

Markmið

Að nemendur:

- geti sýnt fram á skilning á sérkennum myndasagna og hvernig þær eru frábrugðnar öðrum miðlum, svo sem bókmenntum kvikmyndum.
- geti greint valin verk og túlkað stíl og þemu.
- þrói hæfni í sjónrænu læsi.
- geti túlkað bókmentalegt gildi á gagnrýninn hátt og tengt við listræn verk.
- geti á gagnrýninn hátt greint og túlkað bókmenntaverk í tengslum við sjálfan sig, aðra og umheiminn.
- geti nýtt tækni við nám og æfingu í listum tengdum nútíma tungumálum.
- geti sýnt fram á hæfni til samvinnu og skilnings í samstarfi við samnemendur.

Kennslugögn

- The Complete Maus
- Persepolis (I and II)
- V for Vendetta (Complete)
- Kjörbækur (students choose one): Berlin, Watchmen, New Orleans A.D., My Friend Dahmer, Pyongyang, more options T.B.A.
- Annað lesefni verður birt á INNU

Námsmat

Maus próf 15%

Persepolis próf 15%

V for Vendetta próf 15%

Kjörbókarverkefni: 25%

Myndasögugerð: 10%

Ástundun: 20%

Kennari: Katherine Stokke (katherine@mr.is)

Grísk menning og tunga að fornu og nýju (tveir tímar á viku og ferð)

Forkröfur eru engar. Námskeiðið er öllum opið.

Í þessum áfanga verður leitast við að svara spurningunni: „Hvað gerðu Grikkir nokkurn tíma fyrir okkur?“ (Fyrir utan að sigra Trójuborg, finna upp lýðræðið, sigra tvo Persakonunga og leggja drögin að allri vestrænni menningu og vísindum.)

Af nógu er að taka, og munu nemendur geta valið sér viðfangsefni eftir áhugasviði. Aðaláherslan verður á tungumálanám, hvort sem nemendur velja sér nútímagríska eða forn málið. Þar að auki munum við vinna fjölbreytt verkefni sem tengjast menningu og sögu, listum og goðafræði, vísindum og heimspeki, svo eitthvað sé nefnt.

Fyrirkomulag kennslunnar verður þannig að aðra hverja viku verður fyrirlestur og verkefnavinna tengd efni hans. Vikuna á móti notum við í tungumálanám, hvort sem það er forn- eða nýgríska eða grískur orðaforði í öðrum nútímamálum.

Grískur orðaforði er ein af meginstoðunum í alþjóðlegum orðaforða vísinda og lista og því mjög gagnlegur þeim sem hyggja á nám erlendis.

Nánast öll fög sem kennd eru í skólum í dag (jafnt raunvísindi sem hugvísindi og listir) eiga rætur að rekja til Grikkja og því mun læsi á gríska menningu gefa nemendum djúpan og greinargóðan skilning á heimi nútímans.

Að vori stefnum við á ferð til Aþenu þar sem nemendur geta spreytt sig í tungumálinu, kynnst landi og þjóð og skoðað í eigin persónu sumar af merkilegustu fornminjum heims.

Námsmat er símat byggt á stuttum skilaverkefnum, tímaverkefnum og samviskusamlegri mætingu.

Kennarar: Eiríkur Gauti Kristjánsson og Sigurður Finnbogi Sæmundsson

Heimspeki

Hvað gerir mig að mér? Hvað er sannleikur? Er guð til? og ef svo er, hvers konar fyrirbæri er það? Hvað eru góð rök og hvað er rökleysa? Hvernig lifir maður góðu og réttlátu lífi? Má meiða? Hvað er fegurð? Hefur lífið tilgang? Til hvers er menntun? Til hvers eru stjórnmál?

Í þessum áfanga spyrjum við stórra spurninga um lífið, veröldina og allt. Við tökum fyrir valda þætti í sögu vestrænnar heimspeki frá Grikklandi hinu forna til Íslands á 20. öld. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist grundvallarskilning á helstu heimspekikeningum sem hafa mótað viðhorf mannsins. Áhersla er lögð á sjálfstæða hugsun og sjálfstæð vinnubrögð, nemendur eru hvattir til að horfa með gagnrýnum augum á námsefnið jafnt sem eigin skoðanir og viðhorf. Mikil áhersla verður lögð á umræður í tímum og því er góð mæting mikilvæg. Nemendur þjálfast í rökræðum og fá aðstoð við lestur á heimspekilegum textum.

Kennari: Arnór Bjarki Svarfdal

Horror in Literature and Films

Markmið

Að nemendur

- auki við enskukunnáttu sína í máli og riti
- öðlist þekkingu til að meta og gagnrýna hryllingsverk
- geti tjáð eigin hugsanir og hugmyndir um hrylling í gegnum rit og ræðu
- fræðist um mismunandi tímabil og höfunda hryllingsverka
- sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og taki virkan þátt í umræðum/verkefnum
- geti aflað sér heimilda og unnið úr þeim á gagnrýninn hátt

Námsefni og kennsluhættir

Farið er yfir sögu og hestu hugtök enskra hryllingsverka og nemendur fá að kynnst lykilhöfundum og lykilverkum hryllingsheimsins. Áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð og sjálfsaga þar sem áfanginn er að mestum hluta unninn í fjarnámi.

Nemendur munu horfa á myndir og lesa smásögur, skáldsögur og fræðigreinar tengd efni áfangans. Nemendur læra að rýna í texta og kvikmyndir og bera saman mismunandi form og framsetningu hryllingsverka. Einnig er mikil áhersla á sköpun og nemendur fá tækifæri til að búa til eigin verk innan formsins.

Námsmat: Lokaeinkun verður byggð á margvíslegum þáttum svo sem:

Þáttaka og virkni í umræðuþráðum og dagbókaskrif
Smærri próf og verkefni unnin og skilað á Innu
Kynningar – í tímum og í gegnum myndbönd
Lokaverkefni

Almennar vinnureglur:

- Mikilvægt er að nemendur séu virkir í umræðum og lesi/horfi á það efni sem lagt er fyrir.

- Mikilvægt er að skila verkefnum á tilsettum tíma, ekki er víst að frestir verði veittir.
- Þó áfanginn sé kenndur í fjarnámi er mikilvægt að nemendur mæti í tíma sé farið fram á það.
- Eins er mikilvægt að minna á að námsefnið tekur fyrir óhugnarlegt og stundum erfitt efni, þeir sem ekki treysta sér að lesa um eða horfa á hrylling er ráðlagt að taka ekki þennan áfanga.

Kennari: Sigríður Aðils Magnúsdóttir (sigadils@mr.is)

Keppnisstærðfræði

Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa gaman af stærðfræðikeppnum og vilja bæta færni sína í keppnisdæmum. Námsefnið byggir á dæmum úr stærðfræðikeppnum og fjallar um fræðilegar undirstöður helstu flokka keppnisdæma: flatarmyndafraedi, talnafræði, talningarfræði, algebru og ójöfnur. Reglulega verða fengnir bráðskemmtilegir og eldklárir gestakennarar til að miðla sinni þekkingu. Kenndir verða tveir tímar í viku og ætlast til að nemendur mæti á a.m.k. 4 laugardagsæfingar á hverri önn.

Námsmat: Verkefni og mæting.

Kennari: Karl Andersson Claesson

Loftslagsbreytingar fyrr og nú

Undanfari

Stúdentspróf í jarðfræði, annað hvort af náttúrufræðibraut eða málabraut.

Markmið

Meginmarkmiðið er að skoða loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á jörðina. Í áfanganum verður fjallað um þær breytingar sem hafa orðið á loftslagi frá myndun jarðar og fram á okkar tíma.

Meðal þess sem verður skoðað er:

- Áhrif loftslagsbreytinga á lífríki jarðar.
- Fjöldaútdauða tegunda og tengsl við aðra náttúruvá.
- Hvað gerðist þegar þríbrotarnir dóu út?
- Hvernig var loftslagið á tímum risaeðlna?
- Hvenær var snjóboltajörðin?
- Hvað segja loftslagslíkönin um framtíðina?
- Hvaða aðferðir eru notaðar til þess að skoða loftslag fortíðar og spá fyrir um framtíðina?

Kennsluhættir

Fyrirkomulag kennslunnar byggir á fyrirlestrum og verkefnavinnu nemenda.

Námsmat

Áfanginn er símatsáfangi, matið byggist á vinnu nemenda yfir skólaárið og þátttöku í tímum.

Kennarar: Sigríður Árnadóttir og Ingibjörg Rósa Jónsdóttir

Leikhús, bíó og bókmenntir

Lýsing á efni áfangans

Markmið áfangans er annars vegar að lesa valin íslensk bókmenntaverk og horfa á kvikmyndaáðlaganir þeirra og hins vegar að fylgjast með leikhúslífi á leikárinu 2023-2024 til þess að öðlast aukinn skilning á bókmenntum, kvikmyndum og leiklist. Fjallað verður um ólík einkenni frásagna, til að mynda glæpasögunnar, ástarsögunnar og hrollvekjunnar, með hliðsjón af bókmenntum og kvikmyndum, og velt vöngum yfir muninum á því að upplifa frásögn við lestur eða áhorf. Þá verður farið stuttlega yfir innlenda og erlenda leiklistarsögu, fylgst með æfingum á leikritum og farið á leiksýningar. Gert er ráð fyrir nokkrum heimsóknum og umræðufundum með rithöfundum og leikhúsfólki til að kynna töfra skáldskaparins, kvikmyndanna og leikhússins enn frekar.

Forkröfur

Nemandi skal hafa lokið íslensku fjórða bekkjar.

Þekkingarviðmið

Nemandinn skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

Nemandi mun kynnast ólíkum íslenskum bókmenntaverkum sem og kvikmyndaáðlögunum þeirra.

Nemandi skal kynnast fjölbreyttri flóru leikhúsa, leikrita, leikskálda, leikstjóra og annarra starfsstétta sem tengjast leikhúsi.

Nemandi skal þekkja helstu hugtök sem nýtast við umfjöllun og greiningu bókmennta, kvikmynda og leikrita.

Leikniviðmið

Nemandinn skal hafa öðlast leikni í að:

Nemandi þarf að geta rætt um allt sem viðkemur leikhúsi á gagnrýninn og sjálfstæðan hátt, hvort sem það tengist leikriti, uppsetningu, sviðsmynd, búningum, tónlist eða lýsingu.

Nemandi þarf að geta rætt um muninn á bókmenntum og kvikmyndum með hliðsjón af kenningum um aðlögun.

Nemandi þarf að geta komið þekkingu sinni á framfæri í ræðu og riti.

Hæfniviðmið

Nemandinn skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Nemandi þarf að geta greint leikverk, skáldverk og kvikmyndir.

Nemandi þarf að geta greint erindi bókmennta, kvikmynda og leikverka við okkar samtíma.

Námsmat

Símat er í þessum áfanga.

Kennarar: Guðrún Steinþórsdóttir og Jóhannes Helgason

Lögfræði

Námslýsing

Í áfanganum verður fræðigreinin lögfræði kynnt og fjallað um lagalega aðferðafræði auk mikilvægra grundvallarhugtaka lögfræðinnar. Meðal umfjöllunarefna áfangans, auk almennra atriða, verður yfirferð yfir mannréttindareglur, stjórnskipunar- og stjórnslurétt, refsirétt og fjármunarétt auk þess sem meginreglum íslensks réttarfars verða gerð skil. Í áfanganum er ráðgert að nemendahópurinn heimsæki stofnanir, sem miklu máli skipta í íslensku réttarkerfi, og fái heimsóknir frá fólki, sem starfar innan þess. Er þannig áhersla lögð á að lifandi kennslu og fjölbreytni í kennsluháttum

Reynt verður að taka mið af áhuga og óskum nemendahópsins í kennslunni. Þá verður einnig leitast við að varpa ljósi á þau mál, sem efst eru á baugi hverju sinni og tengjast lögfræðilegum spurningum.

Markmið áfangans er að veita nemendum innsýn í aðferðafræði lögfræðinnar, grundvallarreglur íslensks réttar og beitingu þeirra. Í kennslunni verður unnið að því að gera nemendur í stakk búna til að geta beitt þekkingu og færni í lögfræði í daglegu lífi, við þátttöku í samfélagsumræðu og við frekara nám og störf.

Námsmat

Áfanginn er símatsáfangi og mun námsmatið byggjast á verkefnavinnu nemenda og/eða hlutaprófum.

Kennari: Þorsteinn Davíð Stefánsson

Myndlist

Markmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita blýanti með blæbrigðaríkum hætti.
- greina form og gera þeim skil/teikna frá mismunandi sjónarhornum.
- skapa verk sem sýna hnitmiðað val og beitingu á teikniáhalði til að ná fram ákveðinni áferð, hughrifum og/eða skilaboðum.
- helstu hugtökum og fyrirbærum í teikningu og málun, svo sem myndfleti, frumformum, samspili ljóss og skugga, neikvæðu og jákvæðu rými, sjónarhorni.

Verkefni annarinnar

Frumformin, skyggingar, áferðir, fjarvídd, uppsti

lilingar og margvísleg verkefni þar sem nemandinn beitir teikniáhöldum til túlkunar á fyrirmynd.

Námsmat

Áfanginn er próflaus en námseinkunn byggist á vinnu vetrarins, þ.e. mætingu í tíma, heimavinnu og virkni í kennslustundum

30%	mæting og virkni í tíma
30%	Fjarnám / skissubók
20%	Mat á vinnu vetrarins, þ.e. hversu mikla vinnu nemandi hefur lagt í verk sín jafnt í tíma sem og heima; mæting og ástundun
20%	lokaverkefni.

Almennar vinnureglur

- Nemandi skal mæta tímanlega í allar kennslustundir.
- Mikilvægt er að nemendur séu virkir í tímum, en gæti sín á því að trufla ekki kennslu.
- Nemandi skal ganga vel um stofuna og ávallt ganga frá eftir sig að kennslustund lokinni.

Kennari: Sigríður Aðils Magnúsdóttir (sigadils@mr.is).

Náttúruvísindi fyrir máladeild

Þrískiptur áfangi í eðlisfræði, efnafræði og líffræði. Áfanganum er ætlað að veita undirstöðu í öllum þremur fögum. Hvert fag er kennt í átta vikna lotu og hver lota hverfist í kringum „stórar hugmyndir“ – þ.e. meginkenningar, lögmál og nauðsynlega þekkingu til að öðlast vísindalæsi í daglegu lífi. Hver lota er kennd af kennara í viðkomandi fagi. Efnistöð fara eftir forþekkingu nemenda og þróast í takt við áhugasvið þeirra. Ekki er gert ráð fyrir miklum reikningi, heldur fremur skilningi á samhengi og helstu viðfangsefnum innan náttúruvísindanna.

Kennari: Arnór Bjarki Svarfdal

Pólska I – tungumál, menning og saga Póllands (tveir tímar á viku og ferð)

Þetta námskeið er fyrir alla þá er hafa áhuga á pólsku, sem er tungumál þeirra Mariu Curie Skłodowska, Nikuláss Kópernikusar, Lechs Wałęsa og Roberts Lewandowski. Lögð verður áhersla á að nemendur öðlist grunnfærni í hlustun, lestri, tali og ritun. Leitast verður við að kenna nemendum orðaforða sem nýtist þeim vel við algengar málaðstæður. Í áfanganum verður einnig fjallað um samfélag, menningu og sögu. Stefnt verður að því að skipuleggja ferð til Krakár.

Markmið

Að nemendur

- geti kynnt sig á pólsku
- geti tjáð sig í einföldum hversdagslegum aðstæðum á pólsku
- geti skilið mjög einfalda orðræðu og texta
- kynnist menningu og hátíðum Póllands
- kynnist landafræði Póllands
- kynnist merkisstöðum og mannlífi í Kraká
- kynnist sögu Póllands (20. öld)

Námsmat

Áfanginn er símatsáfangi sem byggist á frammistöðu nemenda í tímum, hóp- og einstaklingsverkefnum. Farið er fram á fulla mætingu og verkefnaskil.

Kennari: Izabela K. Harðarson

Spænska - borgarferð (tveir tímar í viku og ferð)

Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa lokið stúdentsprófi í spænsku á náttúrufræðideild.

Markmið áfangans er að auka færni nemenda í að nota tungumálið við mismunandi aðstæður í daglegu lífi og að nemendur öðlist færni í að fóta sig í spænskumælandi umhverfi. Nemendur munu nýta þann orðaforða sem þeir hafa lært sem og nýjan og kynnast menningu, sögu og staðháttum borgarinnar.

Valáfanginn er blanda af fjarnámi og staðnámi. Námið fer að mestu fram eins og hefðbundið fjarnám í gegnum netið en einnig þurfa nemendur að mæta í staðtíma nokkrum sinnum á misseri.

Í áfanganum er lögð áhersla á munnlega tjáningu og viðeigandi orðaforða sem mun nýtast þeim á Spáni. Til að þjálfa þessi atriði gera nemendur meðal annars munnleg og skrifleg verkefni, halda kynningar um ýmislegt sem tengist borginni sem og önnur verkefni. Í þessum áfanga er lögð áhersla á fjölbreytni í efnisvali og ætlast er til að nemendur sýni mikið sjálfstæði í að afla sér upplýsinga og nýta sér hina ýmsu miðla.

Námsmatið felst í símati.

Athugið að það er skylduþátttaka í ferðina og telst hún sem ein eining. Ekki er boðið upp á verkefni í stað ferðar. Því skulu nemendur sem stunda keppnisíþróttir, tónlistar- eða dansnám hafa í huga að mikilvægar tímasetningar skarist ekki.

Nemendur standa sjálfir allan kostnað af ferðinni.

Athugið að greiða þarf u.þ.b. **50.000 kr. staðfestingargjald 15. september.**

Sem viðmið má geta þess að ferðin í ár kostaði um 105.000 kr.

Kennarar: Árný Jónsdóttir og Hildur Árnadóttir

Stjörnufræði

Fjallað verður um nokkur grunnatriði stjörnufræðinnar. Ferðast verður um sólkerfið og hnettir þess rannsakaðir, stórir sem smáir. Kannað verður hvernig ýmis stjarnfræðileg fyrirbæri horfa við okkur hér á jörðu niðri og hvernig við höfum aflað þeirrar þekkingar sem við búum nú yfir. Kafað verður í iður sólstjarna, þær vegnar og metnar, lífs eða liðnar. Þá verður sjónum nemenda beint enn lengra í burtu, að fjarlægum vetrarbrautum og þyrpingum vetrarbrauta.

Námsmat

Áfanginn er símatsáfangi, matið byggist á vinnu nemanda yfir skólaárið ásamt skriflegum æfingum, heimaverkefnum og verkefnum í kennslustundum. Athugið að þar sem námskeiðið er símatsáfangi er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn.

Kennari: Una Kamilla Steinsen

Stærðfræði fyrir málabraut

Áfanginn er hugsaður fyrir nemendur á málabraut sem vilja auka við sig stærðfræðina, til dæmis ef áhugi er á háskólanámi á borð við viðskiptafræði. Markmið áfangans er að kynna stærðfræði tengda diffrun og tegrun, sem nota má til að leysa hagfræðileg vandamál eða hagnýta í öðrum vísindum. Farið verður yfir fallhugtakið, vísisföll, margliður, ferla, diffrun og margt fleira.

Námsmat: Mæting og virkni í tímum. Hlutapróf. Hópverkefni.

Kennari: Kári Sigurðsson

Tölvunarfræði

Námslýsing

Nemendur læra hugbúnaðargerð í Java forritunarmálinu. Undirstöðuatriði forritunar eru kynnt og áhersla lögð á hlutbundna hugbúnaðargerð. Ekki er gerð krafa um fyrri reynslu af forritun.

Markmið

Nemendur geti lesið og skrifað einföld forrit og séu vel í stakk búnir til að takast á við frekara nám í tölvunarfræðum og tengdum greinum á háskólastigi.

Efnisatriði

Meðal annars er farið í breytur, klasa, aðferðir, flæði forrita með skilyrðissetningum og lykkjum, hlutbundna hönnun og viðmót.

Kennsluhættir

Kenndar eru þrjár kennslustundir á viku. Þær skiptast í fyrirlestur (ein kennslustund) og verklegan tíma (tvær samliggjandi kennslustundir). Í fyrirlesturum er farið yfir efni kennslubókar og í verklegum tímum leysa nemendur verkefni úr skyldu efni.

Kennarar: Trausti Þorgeirsson eða Steinunn María Stefánsdóttir

Útivist

Útivistarval er fyrir nemendur sem vilja stunda fjölbreytta hreyfingu utandyra í skemmtilegum félagsskap.

Markmið námskeiðsins er annars vegar að stuðla að heilsusamlegri hreyfingu og samveru og hins vegar að efla þekkingu og skilning á náttúrunni með því að skynja hana á eigin skinni.

Námið felst í vettvangsferðum og stuttum hagnýtum námskeiðum í tengslum við þær.

Farið verður í 6 dagsferðir og 6 styttri eftirmiðdagsferðir. Auk þess verður boðið upp á fræðslu og verkefni tengd útivist og náttúrufræði. Val á áfangastöðum og viðfangsefnum fer eftir árstíðum, veðri og áhugasviðum þátttakenda. Sem dæmi um lengri ferðir eru fjallgöngur, skíða/gönguskíðaferð og náttúruskoðun. Sem dæmi um útivist síðdegis á virkum dögum eru stuttar fjallgöngur, hjólatúrar, skokk, sund og/eða sjósund, fjöruferð o.fl.

Til að fá einingar metnar fyrir námskeiðið þarf að taka þátt í og skila 80% ferða og verkefna.

Kennarar: Helga Björk Árnadóttir, íþróttakennari og Lovísa Ólöf Guðmundsdóttir, líffræðikennari

Viðskiptafræði

Helstu þættir námskeiðsins eru eftirfarandi:

Hautmisseri

1. Bókfærsla/reikningshald. Valin verkefni um rekstur og reikningshald yfirfarin. Færð dagbók og uppgjör fyrirtækja með mismunandi rekstrarformi í tölvuveri. Verkefnin er unnin í Excel. Farið yfir ársreikning og samstæðureikning tiltekins félags með útskýringum.
2. Fjármál einstaklinga. Hugtök og reikniformúlur sem eru mikilvæg til að geta tekið upplýstar fjárhagslegar ákvarðanir. Helstu sparnaðarform fyrir einstaklinga. Söguleg ávöxtun, áhættur og atriði sem þarf að líta til. Upplýsingar um neytendalán og atriði sem gott er að þekkja áður en fólk tekur lán

Vormisseri

1. Þjóðhagfræði.
 2. Rekstrarhagfræði.
- Farið verður yfir helstu viðfangsefni rekstrar- og þjóðhagfræðinnar, efla þekkingu á helstu lögmálum efnahagslífsins og skilning á gangverki þjóðarbúskaparins. Áhersla verður lögð á fræðilegt inntak ásamt hagnýttu gildi námsefnisins, m.a. með því að fylgjast með hagþróun og viðburðum líðandi stundar. Staðgóð þekking á rekstrar og þjóðhagfræði eflir almennan skilning á efnahagslífinu og almennri umræðu um efnahagsmál.

Meginþema námskeiðsins er að nemendur nýti sér upplýsingatækni og netið við öflun upplýsinga og lausn verkefna. Kynnt verður undirstöðuatriði í fjármálum einstaklinga, bókhalds, rekstar- og þjóðhagfræði. Sú þekking býr nemendur undir önnur námskeið sem og lífið sjálft.

Námsmat

Um er að ræða símat byggt á frammistöðu nemenda í tímaprófum, þátttöku í tímum, þátttaka í umræðum og gestaheimsóknum, verkefni um fjármál einstaklinga. Önnur greiningarverkefni og ástundun nemenda.

Kennari: Ingvar F. Ingvarsson

Þýska - ferðaáfangi – ferð til Berlínar (tveir tímar á viku og ferð)

Námskeiðið er ætlað nemendum sem hafa áhuga á þýsku, vilja bæta þekkingu sína í tungumálinu og menningu Þýskalands. Í þessu námskeiði fer fram þýskukennsla ásamt sögu, menningu og landafræði. Bæði fyrir og eftir ferðina vinna nemendur verkefni um Berlín, merkisstaði, sögu, mannlíf og menningu. Áhersla verður lögð á hagnýtan orðaforða og þekkingu sem nýst gæti nemendum í þýskumælandi löndum. Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun. Valáfanginn er blanda af fjarnámi og staðnámi.

Markmið

Að nemendur

- geti tjáð sig skriflega og munnlega um efni sem tengist áfanganum og ferðinni.
- kynnist helstu merkisstöðum og mannlífi borgarinnar.
- kynnist sögu Berlínar á tímum kalda stríðsins (Berlínarmúrinn, Vestur- og Austur-Berlín).
- kynnist daglegu lífi borgarbúa í Berlin.
- kynnist stjórnámum og heimsæki Reichstag.
- geti nýtt þýskukunnáttu sína í daglegum samskiptum.

Námsmat

Mikil áhersla er lögð á virkni nemenda í kennslustundum og gerðar eru strangar kröfur um mætingu og verkefnaskil. Allar skólareglur eru í fullu gildi á meðan námsferðinni stendur. Áskilinn er réttur til breytinga á námsáætlun reynist það nauðsynlegt. Í námskeiðinu er símat sem byggist á frammistöðu nemenda í tímum, hóp- og einstaklingsverkefnum og á mætingu.

Athugið að það er skylduþátttaka í ferðina og telst hún sem ein eining. Ekki er boðið upp á verkefni í stað ferðar. Því skulu nemendur sem stunda keppnisíþróttir, tónlistar- eða dansnám hafa í huga að mikilvægar tímasetningar skarist ekki.

Nemendur standa sjálfir allan kostnað af ferðinni.

Athugið að greiða þarf u.þ.b. **50.000 kr. staðfestingargjald 15. september.**

Sem viðmið má geta þess að ferðin í ár kostaði um 105.000 kr.

Tónlistarnám og annað listnám

Til að nemendur geti fengið tónlistarnám metið sem valgrein þurfa þeir að hafa lokið miðstigi í hljóðfærалеik og er það nám metið til 5 eininga. Þeir sem ljúka frekara námi geta fengið námið metið til allt að 10 eininga til viðbótar. Samsvarandi reglur gilda um annað listnám.

Með fyrirvara um breytingar